

Ed.

280. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafélaginu Fáki“ í Reykjavík og „Sjómannadagsráðinu“ í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félagsins „Fáks“ af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvikinga, og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri „Sjómannadagsráðsins“, renni til sjóminjasafns.

2. gr.

Við fyrirsögn laganna bætist: og kappróður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk sjómannadagsráðsins í Reykjavík.

Sjómannadagsráðið hefur beitt sér fyrir stofnun sjóminjasafns, sem þegar hefur hlotið góðar undirtektir þings og stjórnar. Nefnd starfar að söfnun muna viðsvegar um land. Formaður þeirrar nefndar er fornminjavörður Matth. Þórðarson, skipaður af ríkisstjórninni. Sökum þess að nefndin hefur takmarkað fé til umráða, þá hefur sjómannadagsráðinu hugkvæmzt sú leið til fjáröflunar, sem hér er farið fram á, og er ætlað til, að væntanlegum ágóða yrði varið í því augnamiði að kaupa ýmsa muni, sem þegar er nauðsyn á, að verði eign safnsins.

Sjómannadagsráðið hefur undanfarin þrjú ár stofnað til hátíðahalda og í tvö skipti sýnt kappróður. Í framtíðinni eru líkur til, að kappróðurinn verði veigamikill liður á dagskrá sjómannadagsins, enda hefur þegar verið hafin smíði á kappróðrabátum, sem eru eign þeirra samtaka, er að sjómannadagsráðinu standa. Má því ætla, að veðmálastarfsemi í sambandi við kappróður ætti að geta gefið nokkrar tekjur, sem yrði varið til starfsemi, sem á hylli landsmanna yfirleitt.